



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2019

ENSK2HB05

Hagnýt enska

Kennarar:	Magnús Huld Sigmarsdóttir	Sk.st.	MHS
	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	ÆE

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

Námsefni:

Headway Upper-Intermediate Fourth Edition (Student's book)

Smásögur í Innu

Buddy Nigel Hinton

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða; nemendur skrái forföll í Innu eða framvísi kvittun) komi til. 1-2 tímar í síðustu kennsluviku annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir líka um eldri nemendur áfangans.**

Nemendur fæddir 2000 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki kann nemandi að verða vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna. Notkun farsímar í tímum einskorðast við notkun sem kennslutæki og bara þegar við á.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	4 kaflapróf.	15%
Smásögur	Verkefni úr 5 smásögum	10%
Smásögur	Munnlegt próf	10%
Buddy	Skriflegt próf úr allri bókinni	10%
Ástundun og önnur verkefni	Verkefni að ýmsu tagi	5%
Lokapróf í des	Skriflegt próf	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 19.8 2019

Magnús Huld Sigmarsdóttir og Ægir Pétur Ellertsson

kennarar

Guðfinna Gunnarsdóttir

kennslustjóri.

VIKUPLAN (Með fyrirvara um breytingar)

Vika 1 (20.. -23.ágú)	Introduction / Headway Upper Unit 1
Vika 2 (26. -30.ágú)	Headway Upper Unit 1 / Short story 1: Lamb to the Slaughter
Vika 3 (2.-6.sept)	Headway Upper Unit 1 / Short story 2
Vika 4 (9. – 13.sept)	Headway Upper Unit 2 / Short story 3 / Unit test 1
Vika 5 (16. - 20.sept)	Headway Upper Unit 2 / Short story 4
Vika 6 (23. -27.sept)	Headway Upper Unit 2 Unit test / Short story 5
Vika 7 (30.9 -4.okt)	Oral test: short stories
Vika 8 (7.- 11.okt)	Headway Upper Unit 3 /
Vika 9 (14. - 18.okt)	Headway Upper Unit 3 / Buddy Ch. 1-6
Vika 10 (21. - 25.okt)	Headway upper Unit test 3
Vika 11 (28. - 1.nóv)	Headway Upper Unit 4 / Buddy Ch. 7-12
Vika 12 (4. - 8.nóv)	Headway Upper Unit 4 /
Vika 13 (11. - 15.nóv)	Headway Upper Unit test 4 / Buddy Ch. 13-18
Vika 14 (18. - 22.nóv)	Headway Upper Unit 5-6 / Buddy Ch. 19-24
Vika 15 (25. - 29.nóv)	Headway Upper Unit 5-6 / BUDDY BIG TEST
Vika 16 (2.-6. des)	Skráp – annareinkunn um lokapróf og upprifjun